

Ofanflóðavarnir í Neskaupstað

Könnun meðal íbúa á öryggi ofanflóða- varnarvirkja

Desember 2015



SKÝRSLA - UPPLÝSINGABLAÐ

Titill skýrslu Ofanflóðavarnir í Neskaupstað. Mat á umhverfisáhrifum		Tegund skýrslu Rannsóknarskýrsla	
Verkheiti Könnun meðal íbúa á öryggi ofanflóðavarnarvirkja		Verkkaupi Fjarðabyggð	
Verkefnisstjóri – EFLA Ólafur Árnason	Verkefnisstjóri / fulltrúi verkkaupa Guðmundur Elíasson		
Höfundur Sigrún María Kristinsdóttir	Skýrslunúmer 01	Verknúmer 1860-045	Fjöldi síðna 16
Útdráttur Skýrsla þessi greinir frá niðurstöðum spurningakönnunar (lokaðar og hálfopnar spurningar) sem framkvæmd var í nóvember 2015 meðal íbúa neðan þeirra tveggja ofanflóðavarnargarða sem byggðir hafa verið í Neskaupstað neðan Drangagils og Tröllagilja. Fjallaði könnunin um hvort garðarnir veittu íbúunum aukna öryggiskennd, hvort þeim finndist vel hafa tekist til með frágang þeirra og hvort þeir væru sammála byggingu nýrra garða.			
Lykilorð			
Staða skýrslu <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlstrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið		Dreifing skýrslu og upplýsingablaðs <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Dreifing með leyfi verkkaupa <input type="checkbox"/> Trúnaðarmál	



Útgáfusaga

Nr.	Höfundur		Rýnt		Samþykkt	
	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.
1	Sigrún María Kristinsdóttir	2.12.15	Ólafur Árnason	4.12.15	Sigrún María Kristinsdóttir	4.12.15
2	Sigrún María Kristinsdóttir	5.12.15	Ólafur Árnason	12.1.16	Sigrún María Kristinsdóttir	13.1.16

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	I
MYNDASKRÁ	II
1 INNGANGUR	1
1.1 Aðferðafræði og upplýsingar um þátttakendur.....	1
2 NIÐURSTÖÐUR	2
2.1 Meðvitund íbúa um snjóflóða- og aurskriðuhættu.....	2
2.2 Öryggi og öryggistilfinning vegna garðanna	2
2.3 Sátt við garðana.....	6
2.4 Frágangur og ásýnd garðanna	7
2.5 Útivist.....	8
2.6 Ábendingar um framkvæmdir við fyrirhugaða garða	8
3 SAMANTEKT	9
HEIMILDIR	10
VIÐAUKI 1 – SPURNINGALISTINN	1



MYNDASKRÁ

Mynd 1 Aldursdreifing þátttakenda í spurningakönnuninni.....	1
Mynd 2 Langflestir þátttakenda, eða 87%, voru meðvitaðir um líkur á snjóflóðum eða aurskriðum úr Fjallinu.	2
Mynd 3 Flestir sögðust hafa fundið fyrir auknu öryggi eftir að garðurinn sem þeir búa undir var byggður.	3
Mynd 4 Helmingur sagði garðinn sem þeir bjuggu undir vera eina ástæðu fyrir að þeir völdu að búa í húsinu sínu, hinn helmingurinn sagði garðinn ekki hafa skipt sköpum í þeirri ákvörðun.....	3
Mynd 5 Enginn þátttakenda fann fyrir óöryggi vegna mögulegra snjóflóða eða aurskriðna neðan núverandi garða.....	4
Mynd 6 Helmingur þátttakenda fann fyrir óöryggi þar sem ekki eru garðar en hinn helmingurinn fann ekki fyrir óöryggi þar.	5
Mynd 7 94% þátttakenda taldi að fyrirhugaðir garðar komi til með að auka öryggistilfinningu fólks en 6%, einn þátttakandi, sagðist óviss.....	5
Mynd 8 Allir þátttakendur sögðust samþykkir gördunum sem komnir eru.....	6
Mynd 9 87% þátttakenda voru samþykkir byggingu nýrra garða.	7
Mynd 10 Flestir, eða 87% töldu vel hafa tekist til við frágang garðanna sem komnir eru, en þó nefndu margir að sérstaklega ætti það við um Tröllagiljagarðinn.....	7



1 INNGANGUR

Vinna er hafin við mat á umhverfisáhrifum vegna ofanflóðamannvirkja á Norðfirði undir Nes- og Bakkagiljum annars vegar og hins vegar undir Urðarbotni og Sniðgili. Varnarvirkin koma til viðbótar við þau sem fyrir eru á Norðfirði. Tilgangurinn með framkvæmdinni er að verja eignir í Neskaupstað og tryggja öryggi íbúanna.


Í aðalskipulagi Neskaupstaðar 2007-2027 eru svæðin neðan Nes- og Bakkagilja og Urðarbotns og Sniðgils skilgreind sem *svæði undir náttúruvá – snjóflóðavarnir* (1) og samkvæmt hættumati Fjarðabyggðar er byggð neðan Urðarbotns og Sniðgils og Nes- og Bakkagilja á hættusvæði (2; 3). Með tilkomu fyrirhugaðra varna munu engin hús standa innan hættusvæða neðan Urðarbotns og Sniðgils annars vegar og neðan Nesgils og Bakkagils hins vegar (4; 5).

Nú þegar hafa tvenn varnarvirki verið reist fyrir ofan Neskaupstað, undir Drangagili og Tröllagiljum. Þessi varnarvirki samstanda af einum leiðigarði, tveimur þvergörðum og röðum af keilum ofan þeirra, auk upptakastoðvirkja. Til viðbótar við það að verja byggð fyrir ofanflóðum, eru slíkar varnir eru taldar auka öryggistilfinningu íbúa neðan þeirra og í samfélaginu í heild.

Við gerð matsáætlunar fór Skipulagsstofnun fram á að gerð yrði grein fyrir áhrifum ofanflóðavarnanna sem komnar eru á samfélagið, bæði í heild og á þá íbúa sem búa neðan þeirra. Fáar slíkar rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi að því er næst verður komist (6; 7; 8; 9), og því var ráðist í spurningakönnun meðal íbúa í Neskaupstað í þeim tilgangi að meta hvort garðarnir sem komnir eru hafi haft áhrif á öryggistilfinningu íbúanna.

1.1 Aðferðafræði og upplýsingar um þátttakendur

Spurningakönnunin var gerð meðal íbúa Norðfjarðar sem búa neðan núverandi garða. Spurningalistinn innihélt lokaðar og hálfopnar spurningar, og má sjá eintak af honum í viðhengi 1 í þessari skýrslu. Könnunin var gerð í lok nóvember 2015 og fór þannig fram að Fjarðabyggð útvegaði lista með nöfnum, símanúmerum og kenntiölum þeirra sem búa neðan garðanna. Hringt var handahófskennt í íbúa, á samtals 25 heimili. Ekkert svar var hjá sex þeirra og þrjú afþökkuðu þátttöku, allt karlar. Einn var af erlendu bergi brotinn og sagðist vera að fá gesti, annar sagði rafhlöðu símans vera nær uppurna og sá þriðji var á leið út úr dyrunum. Viðtöl voru því tekin við 16 íbúa, átta konur og átta karla. Til að gæta nafnleyndar er fjallað um alla þátttakendur í karlkyni í þessari skýrslu, enda eru orðin „þátttakandi“, „svarandi“ og „viðmælandi“ allt karlkyns orð á íslensku.



Mynd 1 Aldursdreifing þátttakenda í spurningakönnuninni.



Aldursskiptingu má sjá á mynd 1, en flestir voru á aldrinum 51-67 ára, eða tæp 44%, 25% voru 68 ára eða eldri og önnur 25% 31-50 ára, og rúm 6%, eða einn aðili, voru 30 ára eða yngri.


Af þessum 16 manns hafði einn aðili búið í innan við 5 ár í Neskaupstað. Allir hinir, eða 15 manns, höfðu búið lengur en 10 ár í bænum, og þar af höfðu 8 búið þar alla eða nær alla ævi. Tæp 90% svarenda bjuggu undir gördunum meðan verið var að reisa þá.

2 Niðurstöður

Helstu niðurstöður eru teknar saman í þessum kafla.

2.1 Meðvitund íbúa um snjóflóða- og aurskriðuhættu

Fjallið gnæfir yfir Neskaupstað og kemur því væntanlega ekki á óvart að 87% íbúanna sem rætt var við sögðust meðvitaðir um líkur á snjóflóðum eða aurskriðum úr Fjallinu, líkt og sést á mynd 2. Eingöngu 13% þátttakenda sögðust ekki meðvitaðir um þessa hættu.



Mynd 2 Langflestir þátttakenda, eða 87%, voru meðvitaðir um líkur á snjóflóðum eða aurskriðum úr Fjallinu.

Þátttakendur voru beðnir um að útskýra svar sitt betur, og sagðist fólk fylgjast með snjóalögum, hengjum og hvort hlánar á milli þegar mikið er í giljunum. Einnig kom fram að umræða væri alltaf öðru hvoru í gangi í bæjarfélaginu. „Það má alltaf búast við því, við lentum í snjóflóðunum forðum og þetta situr í öllum, það hafa allir varann á sér og líta til fjalls,“ sagði einn viðmælenda. Annar vildi meina að fram til ársins 1974, þegar mannskæð snjóflóðahrina gekk yfir, hafi fólk lítið hugsað um snjóflóð, heldur frekar fylgst með lækjunum og verið meðvitað um möguleg aurflóð.

Annar þeirra tveggja sem sögðust ekki meðvitaðir hafði búið í innan við 5 ár í bænum og sagðist ekkert spá í þessa hættu. Hinn, sem var innfæddur Norðfirðingur og hafði búið alla ævi í Neskaupstað, sagði: „Ég hef aldrei velt þessu fyrir mér, ég er aldrei hræddur.“

2.2 Öryggi og öryggistilfinning vegna garðanna


Tæp 94% viðmælenda sögðust hafa fundið fyrir auknu öryggi eftir að garðurinn sem þeir búa undir var byggður, eins kemur fram á mynd 3.



Mynd 3 Flestir sögðust hafa fundið fyrir auknu öryggi eftir að garðurinn sem þeir búa undir var byggður.

Fólk var almennt sammála um að mikið öryggi fylgdi því að hafa ofanflóðvararnirnar. Einn viðmælenda sagði: „Núna myndi ég búa í tjaldi undir þessum gördum. Eina hættan sem er á flóði núna er úr gördunum sjálfum en þeir eru svo brattir að þar festir ekki snjó.“ Annar benti á að áður en varnarvirkin sem komu, hafi hann getað horft beint upp í gilið úr eldhúsglugganum sínum og séð snjóhengjurnar þar, en eftir að garðurinn kom hafi hann hætt að hugsa um þær. Sá þriðji sagði að tilkoma varnarvirkjanna hafi gjörbreytt líðan fjölskyldu hans á heimilinu til hins betra.

Tveir sögðu öryggistilfinningu sína hafa vaxið með tilkomu varnarvirkjanna, en tóku fram að þeir hefðu ekki haft miklar áhyggjur af hættu úr Fjallinu fyrir þann tíma. „Ef garðurinn væri ekki kominn myndi ég spá meira í hættunni,“ sagði annar þeirra. Einn þátttakandi sagðist ekki hafa fundið fyrir aukinni öryggistilfinningu eftir að búið var að reisa varnarvirkin, en bætti við að hann byggi við enda garðsins og teldi að svæðið sem hann býr á sé ekki líklegt snjóflóðasvæði. Hann taldi flóð vera líklegri til að falla um miðbik garðsins, enda hefði hann séð flóð fara um það svæði árið 1974. „En hérna heima er ég ekkert hræddur,“ sagði hann.



Mynd 4 Helmingur sagði garðinn sem þeir bjuggu undir vera eina ástæðu fyrir að þeir völdu að búa í húsinu sínu, hinn helmingurinn sagði garðinn ekki hafa skipt sköpum í þeirri ákvörðun.



Helmingur svarenda sagði garðinn sem þeir bjuggu undir og öryggið sem hann færði þeim og fjölskyldu þeirra vera eina af ástæðunum fyrir því að þeir bjuggu í húsunum sínum, en hinn helmingurinn sagði svo ekki vera, líkt og sjá má á mynd 4. Einn aðili útskýrði að hann hefði neyðst til að yfirgefa fyrra hús sitt vegna þess að það var á snjóflóðasvæði og var í hættu árið 1974, og að hans fjölskylda hafi þá ákveðið að flytja á núverandi heimili sitt. „Við fluttum hingað því við vissum að hér ætti að byggja garð,“ sagði hann og annar sagði: „Ein af ástæðunum fyrir því að ég keypti þetta hús var sú að það átti að byggja garðinn.“ Sá þriðji sagði: „Ég þekki fjallið mitt og veit sögu þess og myndi ekki vilja búa undir fjallinu með mín börn þar sem ekki er garður,“ og sá fjórði sagði að ein af mörgum ástæðum fyrir því að búa í húsinu sínu væri að garðurinn veitti „alvöru öryggi gagnvart snjóflóðum.“

Aðrir voru ekki jafn afdráttarlausir í svörum sínum, og taldi einn að hann hefði líklega ekki selt og fært sig um set þó garðurinn hefði ekki verið byggður, en að það væri „óneitanlega gott að hafa hann.“

Þeir sem töldu garðana ekki vera eina af ástæðunum fyrir því að þeir kjósa að búa í húsunum sínum, sögðust ýmist ekki vera hræddir við snjóflóð eða að þeir hefðu búið í húsum sínum áður en byrjað var að undirbúa garðana og ekki flutt síðan. „Maður er meðvitaður en ekki hræddur“ við ofanflóð, sagði einn viðmælenda.

Enginn þátttakenda fann fyrir óöryggi vegna mögulegra snjóflóða eða aurskriðna neðan núverandi garða, líkt og kemur fram á mynd 5.



Mynd 5 Enginn þátttakenda fann fyrir óöryggi vegna mögulegra snjóflóða eða aurskriðna neðan núverandi garða.


Aðspurður, sagði einn viðmælendanna að í mörg ár eftir að flóðin féllu árið 1974 og áður en garðarnir komu, hafi hann fundið spennu í loftinu um leið og fór að snjóa, en að sú spenna hafði minnkað með tilkomu garðanna.

Helmingur þátttakenda sagðist finna fyrir óöryggi þar sem ekki er búið að byggja garða, meðan hinn helmingurinn sagðist ekki finna fyrir óöryggi þar, eins og sjá má á mynd 6. „Ég myndi persónulega ekki vilja búa út frá þar sem eru ekki komnir garðar. Ég veit t.d. að það eru ekki mjög mörg ár síðan það féll snjóflóð alveg niður að vita,“ sagði einn. „Maður veit af þessu, og spáir í það þegar þannig er með snjóalög og miklar rigningar,“ sagði annar og sá þriðji sagði: „Þar sem fjall er, þar eru möguleikar á snjóflóði eða aurfloði.“

Einn þátttakenda nefndi að honum hefði bara nýlega farið að finnast hann öruggur á þeim svæðum, því umræðan í samfélaginu vegna fyrirhugaðra varna hefði orðið til þess að hann



áttaði sig á að um hættusvæði væri að ræða. Þrír nefndu að þeir finndu sérstaklega fyrir óöryggi neðan Urðarbotns, og sagði einn þeirra: „Það er eitthvað að gerast í fjöllumunum núna, mikið um skriðuföll, en ég veit ekki af hverju.“



Mynd 6 Helmingur þátttakenda fann fyrir óöryggi þar sem ekki eru garðar en hinn helmingurinn fann ekki fyrir óöryggi þar.

Þeir sem ekki sögðust finna fyrir óöryggi sögðu sumir að þeir væru orðnir vanir hættunni og hugsuðu því ekki um hana heldur færu bara með varkárni, eða vissu af hættunni án þess að finna fyrir óöryggi. „Maður gerir sér ekki of mikla rellu yfir þessu fyrr en þetta gerist. Ég óttast þetta ekki,“ sagði einn. Annar nefndi að hann finndi ekki fyrir óöryggi, en að það væri ekki að marka því hann færi svo sjaldan á svæðin þar sem ekki er búið að byggja garða enn. „Kannski bara ef ég fer í heimsókn og þá hugsa ég ekki um það,“ sagði hann. Sá þriðji sagðist almennt ekki velta snjóflóðahættu fyrir sér fyrr en hann væri kominn í náttstað og sá fjórði sagðist ekki vita til þess að snjóflóð hefðu orðið á byggð neðan Urðarbotns og Nes- og Bakkagilja.



Mynd 7 94% þátttakenda taldi að fyrirhugaðir garðar komi til með að auka öryggistilfinningu fólks en 6%, einn þátttakandi, sagðist óviss.

Nær allir, eða 94% viðmælenda töldu að fyrirhugaðir garðar muni auka öryggistilfinningu fólks í Neskaupstað, líkt og sjá má á mynd 7, en einn svarandi, 6%, vildi merkja við „veit ekki“ en gaf ekki skýringu á því. Þeir sem svöruðu játtandi, sögðu það auka lífsgæði fólks að þurfa ekki



að hafa stöðugar vægar áhyggjur, það væri ekki þægilegt að búa á hættusvæði og að allir væru meðvitaðir um snjóflóðahættuna á veturna, og að eftir að núverandi garðar komu hafi íbúum liðið betur neðan þeirra.

Einn tók fram að fyrirhuguð varnarvirki myndu ekki bara auka öryggiskennd íbúa, heldur líka raunverulegt öryggi þeirra. Annar nefndi að ættingjar sínir hefðu flutt af hættusvæði og í hús undir Drangagilsgarðinn þegar hann var reistur, því þeim fannst þau ekki örugg á fyrri staðnum, svo garðar skiluðu klárlega sínum tilgangi.

2.3 Sátt við garðana

Eins og sjá má á mynd 8 sögðust allir þátttakendur vera samþykkir görðunum sem búið er að reisa ofan Neskaupstaðar.




Mynd 8 Allir þátttakendur sögðust samþykkir görðunum sem komnir eru.

Fólk sagði þá auka lífsgæði fólks með því að auka öryggiskennd þeirra, og fólk þyrfti ekki lengur að búa við lágan en stöðugan ótta við Fjallið. „Ef þeir veita íbúum öryggi, þá er maður samþykkur þeim,“ sagði einn og sá þriðji sagði að það sé ekki annað hægt en að vera samþykkur ofanflóðavörnunum: „Fólk sem býr hér getur ekki leyft sér að vera á móti þeim.“ Einnig nefndi fólk að það væri ánægt með útivistarsvæðið sem búið er að gera í kringum þá, sem væri vel nýtt (sjá kafla 2.5).

Þó ber að geta þess að þótt fólk segðist vera samþykkt görðunum þýðir það ekki að allir hafi verið allshugar sáttir við þá, því sumir nefndu að garðarnir væru ljótir og mikil ferlíki.

Áttatíu og sjö prósent þátttakenda sögðust samþykkir byggingu fyrirhugaðra garða, eins og sjá má á mynd 9. Einn sagðist hjartanlega samþykkur þeim og annar sagði að ef til væru peningar, væri þetta góð leið til að nota þá því fólk ætti rétt á að finnast það öruggt heima hjá sér. „Ég hef búið á fleiri stöðum en hér þar sem ég bý núna og ég held það sé rétt að hafa jafnt öryggi í öllum bænum,“ sagði sá þriðji.

Aðrir voru ekki jafn afdráttarlausir í svörum sínum, eins og sá sem sagði að þó hann væri samþykkur byggingu nýrra garða vegna öryggis þeirra sem neðan þeirra búa, þá teldi hann ofanflóðavarnir lýti í umhverfinu.



Mynd 9 87% þátttakenda voru samþykkir byggingu nýrra garða.

Einn var mótfallinn byggingu garðs neðan Nes- og Bakkagilja því hann sagðist ekki hafa heyrt um snjóflóð þar, en svaraði þó „já“ við spurningunni því hann vildi láta loka milli Drangagils-garðs og Tröllagiljagarðs, þ.e. láta reisa Urðarbotnsgarð.

Tveir, eða 13%, sögðust ekki samþykkir byggingu fyrirhugaðra garða, en annar þeirra sagði þó: „Mér og okkur finnst þurfa að skoða mjög vel hvort sé þörf á þeim. Auðvitað er þörf, en hversu mikil. Og hvernig eiga þeir að vera í laginu, hversu stórir o.s.frv. Kannski er verið að fara í of miklar framkvæmdir.“ Hinna sagði að bygging fyrirhugaðra varnarvirkja væri „óþarfa brölt [sem] kostar stórfé og það eru litlar líkur á að snjóflóð nái niður í byggð á þessu svæði.“

2.4 Frágangur og ásýnd garðanna

Almennt voru íbúar sáttir við frágang garðanna, eða 87% svarenda. Fólk tók fram að það ætti sérstaklega við um Tröllagiljagarðinn, sem er yngri.



Mynd 10 Flestir, eða 87% töldu vel hafa tekist til við frágang garðanna sem komnir eru, en þó nefndu margir að sérstaklega ætti það við um Tröllagiljagarðinn.

Útivistarsvæðið hefur vakið mikla lukku og nefndi fólk að ánægja ríkti yfir því að búið væri að lýsa það upp svo nota má það á kvöldin og síðdegis á veturna líka. Hægt er að ganga alla leið út í vita, og var fólk ánægt með það. Nokkrir nefndu að varnarvirkin væru stór, eins og einn



sem sagði: „Ég er nú bara almennt ánægður með útlitið á þessu ferliki. [Garðurinn er] lítið útlitslýti miðað við hvað þetta er stórt.“ Annar sagði að garðurinn sem hann bjó við væri „stór og ljótur, en allur annar frágangur flottur. Frábærlega vel unnið. En allt of stór.“ Sá þriðji nefndi að hann væri sáttur við frágang varnarvirkjana, en að stórir garðar gætu verið lýti á bæjarfélaginu.

Nokkrir tóku fram að þeir væru sáttir við útlit nýrri garðsins, en sá eldri væri ekki eins snyrtilegur, og þar þyrfti að halda við stígumum og setja brú yfir læk. Tveir voru ósáttir við að lúpína væri farin að vaxa í Drangagilsgarði og að erlendu grasfræi hefði verið sáð þar, og einn vildi fá meiri gróðursetningu.

2.5 Útivist

Allir viðmælendur sögðu garðana vera mjög mikið notaða fyrir útivist, og allir nema einn sem bar fyrir sig aldri, sögðust nota þá sjálfir fyrir útivist á borð við gönguferðir eftir göngustígumum, sleðaferðir með börnum, hjólaferðir, hlaup og skokk. „Fólk notar svæðið mjög mikið, labbar þarna og leikur sér,“ sagði einn viðmælenda. Hlaupafólk notar brekkurnar fyrir þrekþjálfun og hópur hjarta- og lungnasjúklinga hafa gengið frá sjúkrahúsinu upp á garðana í skipulögðu þjálfunarþrógrammi. Fólk nýtur útsýnisins frá útsýnispalli jafnt sumar sem vetur og algengt er að fólk viðri hundana sína á upplýstum göngustígumum. „Þetta er rosalega gott útivistarsvæði til að æfa lungu og hjarta, þó ekki sé nema að labba,“ sagði einn og annar sagði að þarna væri „frábær aðstaða“ fyrir útiveru. „Hann er feikilega skemmtilegur, nýrri garðurinn, þetta er svo fallega gert og maður getur tyllt sér. Og það er hægt að ganga upp í fjallið líka. Við göngum stundum í skógarjaðrinum, og þá er eins og maður sé kominn í aðra veröld, og útsýnið frábært,“ sagði einn.

Eingöngu einn viðmælenda hafði eitthvað út á svæðið sem útivistarsvæði að setja, og vildi hann fá salernisaðstöðu á stíginum. „Fólk notar gönguleiðirnar mjög mikið, en það fer að vanta klósett á miðjuna því þetta er orðið svo langt, orðin klukkutíma ferð, og fólk pissar bara þar sem það er, líka Íslendingarnir,“ sagði hann.

2.6 Ábendingar um framkvæmdir við fyrirhugaða garða

Aðspurðir um hvaða atriði framkvæmdaraðili ætti að hafa einna helst í huga meðan á framkvæmdum við fyrirhugaða garða stendur, nefndu flestir, níu manns, að huga þyrfti vel að sprengingum, svo íbúar væru upplýstir um hvenær þeirra væri von. Einn sagði að mikil munur hefði verið á framkvæmdunum við eldri garðana, því meðan yngri varnarvirkin, Tröllagiljagarðurinn, voru byggð var mikið lagt upp úr að íbúum væri tilkynnt um sprengingar. Þeir sem bjuggu neðan þess garðs nefndu sumir að verktakinn hafi ekið um á bíl með „loftflautu“ eða „lúðrum“ áður en sprengja átti, svo íbúar voru flestir vel meðvitaðir um sprengingarnar og hrukku ekki við. Sumir nefndu að notkun á hljóðmön við byggingu eldri garða hafi virkað vel og orðið til þess að íbúar neðan garðanna hafi lítið orðið varir við framkvæmdirnar, og aðrir sögðu að við svona framkvæmdir yrði ekki komist hjá umferð bíla og „bakk-bípinu í stórum vinnuvélum,“ eins og einn orðaði það.

Nokkrir, eða fjórir í hvoru tilfelli fyrir sig, nefndu umferð og loftmengun, sér í lagi að binda ryk ef veður er þurrt.

Einnig nefndu nokkrir að gera þyrfti góða úttekt á húsum neðan framkvæmdasvæðanna, svo fólk verði ekki fyrir tjóni. „Það þarf að rannsaka húsin svo þau skemmist ekki“ sagði einn og annar sagði: „Miðað við reynsluna af Tröllagilsgarðinu, þá hefði mátt vanda betur skoðun húsa fyrir og eftir, taka út skemmdir og þess háttar.“ Einn nefndi að vatn hefði flætt inn í hús hans



meðan á framkvæmdum stóð, en að verktaki hafi beðist fyrirgefningar á því og leyst hafi verið farsælega úr þeim málum.

Fólk sem rætt var við virtist lítið hafa kippt sér upp við framkvæmdirnar meðan á þeim stóð. Íbúar neðan Tröllagiljagarða sögðu verktaka hafa verið með eindæmum almennilega og tillitssama. „Verktakarnir hér á garðinum voru mjög samvinnuþýðir og þægilegir. Það fer ekkert hjá því að þú heyrir í jarðýtum og bakkflauti, en þeir voru ekki að því fyrir 7 á morgnana eða á kvöldin,“ sagði einn íbúanna, og annar sagði: „Annars var þetta ekkert að angra þó séu bara 50 metrar í garðinn sjálfan heiman frá mér.“

3 Samantekt

Skýrsla þessi greinir frá niðurstöðum spurningakönnunar (lokaðar og hálfopnar spurningar) sem framkvæmd var í nóvember 2015 meðal íbúa neðan ofanflóðavarnargarða sem byggðir hafa verið í Neskaupstað og fjallaði um hvort garðarnir veittu íbúunum aukna öryggiskennd, hvort þeim finndist vel hafa tekist til með frágang þeirra og hvort þeir væru sammála byggingu nýrra garða. Rætt var við 16 manns sem búa neðan garðanna tveggja, átta konur og átta karla.

Langflestir þátttakenda voru meðvitaðir um ofanflóðahættu úr Fjallinu ofan Neskaupstaðar, og fólk var almennt sammála því að garðarnir sem komnir eru hafi aukið á öryggistilfinningu íbúanna neðan þeirra. Garðarnir voru ein af ástæðum þess að helmingur þátttakenda býr þar sem þeir búa, en hinn helmingurinn leit ekki til garðanna við val á búsetu.

Enginn fann fyrir óöryggi vegna mögulegra snjóflóða eða aurskriðna neðan núverandi garða, en helmingur þátttakenda fann fyrir óöryggi í Neskaupstað þar sem garðar hafa ekki verið byggðir. Nær allir, eða 94%, töldu að fyrirhugaðir garðar muni koma til með að auka öryggis-tilfinningu fólks. Allir þátttakendur sögðust samþykkir þeim gördum sem komnir eru, því þeir auka á öryggi, en þó settu nokkrir út á að þeir væru stórir. Flestir, eða 87%, töldu að vel hefði tekist til með frágang þeirra, einkum og sér í lagi yngri garðsins, Tröllagiljagarðsins. Allir þátttakendur sögðu útivistarsvæðin í kringum garðana vera mikið notuð jafnt sumar sem vetur.

Nær allir, eða 87%, voru samþykkir byggingu nýrra garða vegna þess öryggis sem þeir munu færa byggð neðan þeirra. Fólk nefndi að gæta þyrfti að sprengingum og láta íbúa vita þegar von væri á þeim, sem og að gera úttekt á húsum neðan framkvæmdasvæðanna áður en ráðist verður í framkvæmdir.



Heimildir

1. Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027. Fjarðabyggð : s.n., 10. desember 2007 (breytt 10. júlí 2009).
2. Hættumatsnefnd Fjarðabyggðar. *Neskaupstaður hættumatskort - hættumat vegna ofanflóða*. Fjarðabyggð : Fjarðabyggð, 2001.
3. —. *Mat á hættu vegna ofanflóða í Neskaupstað - Greinargerð með hættumatskorti*. Fjarðabyggð : Fjarðabyggð, 2001.
4. Björn Halldórsson, Kristín Martha Hákonardóttir og Snorri Gíslason. *Snjóflóðavarnir í Fjarðabyggð. Urðarbotn og Sniðgil í Neskaupstað. Frumathugun*. Reykjavík : Verkís, 2015b.
5. —. *Snjóflóðavarnir í Fjarðabyggð. Nesgil og Bakkagil í Neskaupstað. Frumathugun*. Reykjavík : Verkís, 2015a.
6. Margrét Valdimarsdóttir. *Byggð og náttúruvá. Viðhorf íbúa á ofanflóðasvæðum til áhættu og öryggis. MS ritgerð í landfræði*. Reykjavík : Háskóli Íslands, 2000.
7. Inga Dagmar Karlsdóttir og Lára Samira Benjnouh. *Sambúðin við náttúruöflin. Mannfræðirannsókn á Flateyri 1997. Styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna*. 1997.
8. Harpa Grímsdóttir. *Viðhorf og viðbrögð við ofanflóðahættu í Neskaupstað. BS-ritgerð, Jarð- og landfræðiskor*. Reykjavík : Háskóli Íslands, 1998.
9. Margrét Valdimarsdóttir. *Byggð og náttúruvá. Viðhorf íbúa á ofanflóðasvæðum til áhættu og öryggis. Skýrsla unnin fyrir Framkvæmdasýslu ríkisins vegna mats á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna í Bolungarvík*. Bolungarvík : Náttúrustofa Vestfjarða, 2000.

VIÐAUKI 1 – SPURNINGALISTINN

Spurningalisti fyrir íbúa sem búa undir gördunum sem komnir eru		
Svarandi:		
1. Kyn		
	KK	
	KVK	
2. Aldur		
	18-30	
	31-50	
	51-67	
	68+	
3. Hversu lengi hefur þú búið í Neskaupstað?		
	Innan við 1 ár	
	1-5 ár	
	5-10 ár	
	Meira en 10 ár	
		Alla ævi
		Meirihluta ævinnar
4. Byrðu neðan við:		
	Tröllagiljagarð	
	Drangagilsgarð	
5. Bjóstu þar meðan á uppbyggingu garðsins stóð?		
	Já	
	Nei	
6. Ertu meðvituð/aður um líkur á snjóflóðum eða aurskriðum úr Fjallinu?		
	Já	
		Hvernig? Vinsamlegast lýstu í orðum
	Nei	
		Hvernig? Vinsamlegast lýstu í orðum

	Á ekki við	
		Hvernig? Vinsamlegast lýstu í orðum
	Veit ekki/vil ekki svara	
7. Fannstu fyrir auknu öryggi eftir að garðurinn var byggður?		
	Já	
		Vinsamlegast lýstu í orðum
	Nei	
		Vinsamlegast lýstu í orðum
	Á ekki við	
	Veit ekki/vil ekki svara	
8. Er garðurinn og það öryggi sem hann færir þér og fjölskyldu þinni ein af ástæðunum fyrir því að þú býrð í húsinu þínu í?		
	Já	
		Hvernig? Vinsamlegast lýstu í orðum
	Nei	
		Hvernig? Vinsamlegast lýstu í orðum
	Á ekki við	
		Hvernig? Vinsamlegast lýstu í orðum
	Veit ekki/vil ekki svara	
9. Ertu samþykkt/ur þeim gördum sem komnir eru ofan Neskaupstaðar?		
	Já	
		Hvernig?
	Nei	
		Af hverju ekki?



10. Telur þú að vel hafi tekist til við frágang Drangagils- og Tröllagiljagarðanna?		
	Já	
		Hvernig?
	Nei	
		Af hverju ekki?
	Veit ekki/vil ekki svara	
11. Finnurðu fyrir óöryggi vegna mögulegra snjóflóða/aurskriða neðan núverandi garða?		
	Já	
		Hvernig?
	Nei	
		Af hverju ekki?
12. Finnurðu fyrir óöryggi vegna mögulegra snjóflóða/aurskriða á þeim svæðum þar sem engir garðar eru?		
	Já	
		Hvernig?
	Nei	
		Af hverju ekki?
13. Notar þú eða fjölskylda þín núverandi garða fyrir útvíst?		
	Já	
		Hvernig?
	Nei	
		Af hverju ekki?
14. Veistu til þess að garðarnir séu notaðir fyrir útvíst eða álíka af öðrum íbúum Neskaupstaðar?		
	Já	
		Hvernig?
	Nei	
15. Ertu samþykkt/ur byggingu fyrirhugaðra garða neðan Nesgils og Bakkagils annars vegar og neðan Urðarbotns hins vegar?		
	Já	
		Hvernig?
	Nei	
		Af hverju ekki?

16. Telurðu að fyrirhugaðir garðar muni koma til með að auka öryggistilfinningu fólks?		
	Já	
		Hvernig?
	Nei	
		Af hverju ekki?
	Veit ekki/vil ekki svara	
17. Hvaða atriði telurðu að leggja eigi áherslu á meðan á framkvæmdum við fyrirhugaða garða stendur?		
	Hljóðvist	
	Umferð	
	Loftmengun	
	Annað, hvað?	